

# Málæði

Vinnustofa fyrir listamenn. Óskar eftir listamönnum til starfa.

Málum málverk og römmum inn verkin. Setjum upp sýningu á bæjarhellunni. Seljum dýrt og græðum!

Til að hafa þetta huggulegt hlustum við á tónlist og notumst við myndvarpa til að herma smá og léttu okkur verkið.

**SÆKIÐ UM!!**

## **Draumastöðin óskar eftir starfsmönnum**



Ert þú listrænn, hugmyndaríkur, samviskusamur, jákvæður og duglegur?

Þá áttu heima hjá okkur í verksmíðjunni, Draumastöðinni.

Við ætlum að mála stórar áldósir með kítarmálningu og venjulegri. Skreytum þær með bandi, steinum og fleira sem okkur dettur í hug.



Einnig verður hin sívinsæla brjóstsykursgerð ☺

Hlökkum til að fá þIG til okkar.

Umsókn merkt Draumastöðin



# Bæjarhellubakarí

## Leynist bakari í þér!



Við óskum eftir jákvæðum og samviskusömum einstaklingum til að starfa í bakaríinu okkar. Í starfinu felst m.a. fjölbreytt vinna sem snýr að rekstri bakarí. Má þar t.d. nefna bakstur, afgreiðsla, frágangur, hönnun matseðils og skilta.

Áhugasamir sendi inn umsóknir merktar **Bakarí**



# Fréttastofan



Fréttastofan leitar að hressum krökkum til að vinna fréttir í texta, myndum og myndböndum.

Leitað er að krökkum sem hafa áhuga á fjölmiðlum, tæknisinnaðir, hafa áhuga á ljósmyndun, kvikmyndun og sýna vandvirkni.

Helstu verkefni eru fréttaleit og skrif, viðtöl, handritsgerð, upptökur og klippingar.

Merkið umsóknir; Fréttastofan!



## Kortagerðin auglýsir eftir starfsfólki!

Ert þú **listrænn**, **hugmyndaríkur**, **samviskusamur**, **jákvæður** og **duglegur**?

Ef svo er þá er kortagerðin rétti staðurinn fyrir þig!

Við þurfum þIG með okkur í lið! Sæktu um hjá kortagerðinni og við lofum skemmtun og miklu fjöri!

Áhugasamir sendi inn auglýsingu merkt: Kortagerð





Kæru nemendur



**PÁSKASMIÐJAN** óskar eftir einstaklingum sem eru

**jákvæðir**, **sniðugur**, **hressir**, **stundvísir** og **vandvirkir**.



Ert þú þessum kostum gædd/ur og hefur gaman af því að smíða og mála?

Ef svarið er **JÁ** þá er

**PÁSKASMIÐJAN** rétti staðurinn fyrir þig 😊

## Helluloppun

*Fatabúð-tískusýning - flottföt - endurnýjting*

Viltu vinna í fatabúð? Hjálpaðu okkur að setja upp flottustu fatabúðina á Helli!

Við leitum að duglegum og hugmyndaríkum krökkum sem vilja vinna á skemmtilegum stað og fá góð laun. Settu Helluloppuna á umsóknina þína



# Mötuneyti Bæjarhellunnar

Hefur þú áhuga á matreiðslu og þjónustustörfum?

Mötuneytið óskar eftir starfsmönnum úr 7.-10. bekk sem eru snyrtilegir, jákvæðir og stundvísir.

Áhugasamir sendi inn umsóknir merktar *Mötuneyti*.



## Steypustöðin auglýsir eftir starfsfólki



Ert þú **skapandi** - **hugmyndaríkur** – **duglegur** – **jákvæður** – **listrænn** einstaklingur og til í að óhreinka á þér hendurnar í skemmtilegu og gefandi starfi ??

Ef svo er þá er Steypustöðin vinnustaðurinn fyrir þig 😊

Ef þú ert manneskjan sem við leitum af sækir þú um starf hjá Steypustöðinni og við lofum skemmtun og stuði.



## Pokarotturnar!

Hefur þú gaman af því að sauma, klippa, þræða, brjóta, strauja og fleira í þeim dúr? Þá eru Pokarotturnar rétti staðurinn fyrir þig. Við ætlum að sauma alls konar poka; skópoka, innkaupapoka og gjafapoka.

Ef þú ert jákvæður, lístrænn, samvískusamur og duglegur nemandi þá er Pokarotturnar rétti staðurinn fyrir þig.

Við hlökkum til að vinna með þér.

umsókn merkt:  
Pokarotturnar



# Völundarhús

Leitum að hugmyndaríkum og skemmtilegum krökkum sem vilja taka þátt í að búa til ógleymanlegt völundarhús með þrautum o.fl. á Bæjarhellunni 2024.



Góð laun í boði!

Settu X við Völundarhús



## Sælla er að gefa en þiggja

Nú ætlum við að dekra aðeins bæði við okkur og aðra.

Langar þig að læra handanudd?

Komdu þá til okkar og vertu sérfræðingur í dekri.

Langar þig kannski að læra að búa til þinn eigin handskrúbb?

Þá erum við akkúrat að leita að þér.

Við leitum að jákvæðum og skemmtilegum vinnukröftum í

litlu dútl og dúllustöðina okkar.

Við stefnum á rólegheit og dekur, ýmislegt föndur

og grín.



Umsóknir sendast á Dúlludúskana